

ARTHÚR

TÍMARIT ROUND TABLE ÍSLANDS - MAÍ 2026

HVERT ER ÞESSI
HREYFING AÐ STEFNA?!

SVAR FRÁ RAFNI SIGURÐSYNI - RT2

**PINNAR:
LITLU MERKI MEÐ
STÓRAR SÖGUR**

**OKTÓBERFEST RT15 Í
SKJÓLBREKKU**

**FYRSTA STARFSÁR
RT17 Á SELFOSSI**

**ÓVISSUFERÐ
SEM VARÐ OF SNEMMA
AÐ VISSUFERÐ**

HYM 2026 - NOREGUR



EFNISYFIRLIT

Ávarp ritstóra RTÍ	03
Ávarp forseta RTÍ	04
Ávarp síðameistara RTÍ	06
Hvert er þessi hreyfing að stefna?	08
HYM 2026 í Noregi	09
Óvissuferð RT10	12
Fyrsta starfsár RT17	14
Októberfest RT15 í Skjólbrekku	16
Pinnar: litlu merki með stórar sögur	18
Vissirðu að þessu?	23
Lúxús andarfærði	24
RTÍ Event dagskrá	36

ÁVARP RITSTJÓRA RTÍ

Nú er fyrri starfsár sem ritstjóri er að klárast og þá finn ég fyrir miklu þakklæti, stolti og ekki síst spennu fyrir því sem er fram undan hjá Round Table Iceland.

Í hlutverki mínu sem ritstjóri hefur eitt af því sem hefur veitt mér mesta innblásturinn verið að sjá framtíð hreyfingarinnar okkar komast á blað, þó að blaðið sé auðvitað að mestu leyti stafrænt í dag. Með sögunum, fréttunum, myndunum og hugleiðingunum frá klúbbunum. Við fáum að sjá vöxtinn í hverjum klúbbi, vináttuna sem styrkist, verkefnin sem halda áfram og orkuna sem ýtir samtökunum okkar áfram. Hver klúbbur á sína eigin sögu. Hver Tabler á sitt eigið ferðalag. Þegar við setjum þessar sögur saman sjáum við stærra myndina: hreyfingu sem er lifandi, vaxandi og alltaf að þróast. Það er eitthvað sem við eigum svo sannarlega að fagna.

Fyrri helmingurinn af mínu tímabili hefur á margan hátt verið eins og rússíbani. Það hafa verið hæðir og lægðir, stundir fullar af krafti og hvatningu, og líka stundir sem hafa reynt meira á mig en ég bjóst við. En sama hvert þessi rússíbani beygði, klifraði eða féll, þá var eitt sem ég var alltaf fullviss um: ég vissi að Round Table bræður mínir stóðu með mér skilyrðislaust.

Það er erfitt að útskýra þessa tilfinningu fyrir einhverjum sem er ekki í Round Table. Þetta snýst um meira en að vera bara hluti af góðum vinahópi. Þetta er að vita að einhver svarar þegar maður hringir. Að vita að stutt

skilaboð geta komið á nákvæmlega réttu augnabliki. Að vita að á bak við fundina, viðburðina, verkefnin og embætti er bræðralag byggt á trausti, stuðningi og raunverulegri umhyggju fyrir hver öðrum.

Og það er eitthvað sem við megum aldrei taka sem sjálfsögðum hlut.

Þegar við höldum áfram að vaxa, þegar nýir félagar bætast í hópinn, klúbbar þróast og félagið okkar verður sterkara, þá verðum við að muna að hjartað í Round Table er ekki bara í því sem við skipuleggjum, heldur í því hvernig við mætum fyrir hver annan. Stundum byggist bræðralag upp í stórum augnablikum, í gegnum þjónustu, ferðalög og sameiginlega upplifun. En oft byggist það upp í litlu hlutunum: símtali, skilaboðum, því að tékka á einhverjum, hvatningarorðum eða einfaldlega því að vera til staðar þegar einhver þarf á því að halda.

Þessir litlu hlutir skipta máli. Þeir eru það sem gera Round Table að meira en tengslaneti, meira en viðburðadagatali og meira en hópi góðra vina. Þeir eru það sem gera þetta að bræðralagi. Svo nú þegar við lokum þessu starfsári og horfum fram á við vona ég að við höldum áfram að skrifa sögurnar okkar, deila vextinum og fagna klúbbunum okkar. En meira en allt vona ég að við höldum áfram að standa saman, í gegnum allar hæðir, allar lægðir og allar óvæntar beygjur rússíbanans.

Ykkar í Table
Danilo Nava
Ritstjóri landstjórnar 2025–2027



ÁVARP FORSETA RTÍ

Kæru bræður,

Þegar við stöndum hér í lok starfsárs er erfitt að setja í orð allt það sem þetta ár hefur fært okkur. Tíminn hefur liðið hratt, en á sama tíma er hann fullur af augnablikum sem skipta máli. Augnablikum af samvinnu, hlátri, áskorunum og sigrum, stórum sem smáum.

Fyrir mig hefur þetta ár haft djúpa persónulega merkingu, sem og árin á undan. Að fá að starfa í landstjórn hefur verið meira en bara hlutverk, þetta hefur verið ferðalag. Ferðalag þar sem ég hef fengið að kynnast enn betur því fólki sem stendur á bak við félagið okkar, sjá kraftinn, hugmyndirnar og metnaðinn sem býr í ykkur öllum.

Ef ég ætti að nefna eitt augnablik sem stendur upp úr, þá er það án efa þegar ég var IRO og hreyfingin okkar var valin Hreyfing ársins í heiminum.

Það var eitthvað sérstakt við þá stund. Að standa þarna og finna stoltið, ekki bara hjá sjálfum sér, heldur fyrir hönd allra, sjá hvað allt þetta starf, allur tíminn og orkan sem hefur verið lögð í félagið, skilar sér á svona sviði.

Það minnti mann á að það sem við erum að gera skiptir máli. Ekki bara fyrir okkur hér heima, heldur líka út á við. Við erum hluti af einhverju stærra – og við erum að gera það vel.

Það var sannarlega eitt af þessum augnablikum sem maður gleymir ekki.

Að fylgjast með persónulegum vexti er líka eitthvað sem stendur upp úr. Kannski aldrei eins skýrt og þegar maður fær að vera forseti.

Að sjá einstaklinga stíga fram, vaxa, taka ábyrgð og gera betur í hvert skipti. Sjá klúbba styrkjast, þroskast og verða metnaðarfullri með hverju árinu.

Þannig vaxa samtökin – í takt við fólkið sem myndar þau.

Það sem stendur kannski upp úr er ekki bara það sem við höfum gert – heldur hvernig við höfum gert það. Með opnum huga, með virðingu fyrir hverjum öðrum og með þeirri einlægu gleði sem fylgir því að vera hluti af einhverju stærra en maður sjálfur. Það er það sem gerir félagið okkar einstakt.

Þó að þetta ár sé að ljúka, þá er þetta alls ekki endir – heldur nýtt upphaf. Framtíðin er björt, og það er ótrúlega góð tilfinning að vita að samtökin eru í traustum höndum. Með Gutta og Gustaf við stjórnvölinn er ég sannfærður um að starfið mun halda áfram að vaxa, þróast og ná enn lengra.

Þó að okkar tími sé liðinn í embætti þá hverfum við aldrei alveg á braut, við skiljum eftir okkur spor, spor sem þeir sem á eftir koma stíga í og byggja sýna vegferð ofaná og þannig heldur

sagan áfram.

Ég vil þakka af heilum hug fyrir traustið, samstarfið og stuðninginn. Þetta eru minningar sem ég mun bera með mér til æviloka.

Að lokum vil ég segja einfaldlega:

Takk!!!

Takk fyrir tíma minn í landsstjórn, félagsskapinn, vináttuna og fyrir allar stundirnar sem gera þetta allt þess virði.

Þetta hefur verið mér sannur heiður.

Takk fyrir mig og áfram gakk!!

Ykkar fráfarandi forseti

Árni Heiðar Guðmundsson
Forseti Round Table Ísland 2025-2026

ÁVARP SIÐAMEISTARA RTÍ

Oft er sagt að tíminn líði hratt þegar það er gaman. Og nú lít ég um öxl yfir tíma minn sem Siðameistari hreyfingarinnar og finnst það hafa verið í gær sem ég fékk embættistáknið um hálsinn. En nú eru þau tvö ár svo gott sem búin og mér finnst ég rétt ný byrjaður.

Það fylgja ferðalagi teiblarans allskyns ævintýri. Og ég hef verið lánsamur á þessum tveim árum að fá að upplifa augnablik sem ég átti alls ekki von á þegar ég mætti á minn fyrsta fulltrúaráðsfund. Ég man hversu peppaður ég var þegar ég var beðinn um að vera Siðameistari á NEAR fundi 2024. Og á stærra sviði nokkrum mánuðum seinna á Kypur á HYM RT International. Þetta voru svo sannarlega stór móment fyrir mig sem teiblara, og gríðarlega góð reynsla undir beltið fyrir komandi ár.

Það að vera sendiherra góðgerðarmála á viðburðum okkar markar líka götuna svo ekki sé meira sagt. Það er með öllu ótrúlegt að líta til baka og hugsa um þann lið. Fjöldinn allur af málefnum og ennþá meiri fjöldi af þúsundköllum sem runnu til góðra málefna. Eins og einn góður teiblar sagði á sunnudegi eftir fulltrúaráðs helgi "það að vera hlýtt í hjartanu gerir þynnkuna bærilegri".

Það augnablik sem ég áttaði mig á hvað stór hópur teiblara getur verið magnaður er augnablik sem ég gleymi seint. Það var þegar RT lopapeysan hans Ævars heitins í RT9 var boðin upp. Þið sem voruð þar vitið hvað ég er að meina. Þið hinir megið endilega sækja þá sögu til mín í persónu hvenær sem þið viljið, því sumar sögur eru þannig að þær skulu sagðar í persónu en ekki á prenti.

Það að gegna þessu embætti hefur verið mjög lærdómsríkt fyrir mig sem teiblara og heilt yfir mótandi fyrir mig sem einstakling. Það hefur verið gefandi samhliða því að vera á köflum mjög krefjandi, en alltaf gaman. Ég hef verið heppinn með landsstjórnirnar sem ég hef unnið með. Ég fékk algjört "artistic freedom" og gat þar með mótað embættið eftir mínu höfði. Það er nefnilega sérstaða embættisins samanborið við önnur embætti landsstjórnar, það er eina embættið sem hægt er að móta eftir sjálfum sér algjörlega að vild. Og verður þar með mjög persónulegt og jafnframt erfitt að stíga til hliðar og sleppa því. Mér þykir mjög vænt um embættið og hlakka til að sjá arftaka minn gera embættið að sínu.

En þegar ég lít yfir farinn veg síðustu tveggja ára þá er eitt orð sem kemur í hugann, stolt.

Ég er stoltur af því að vera hluti af þessari hreyfingu en fyrst og fremst er ég stoltur af hreyfingunni. Round Table Ísland hefur tekið stórtækum breytingum síðastliðin ár til hins betra. Og að hafa fengið að leggja mitt lóð á vogarskálarnar í þeirri þróun sem hefur átt sér stað fyllir mig stolti.

Ég vil nota tækifærið og þakka fyrir minn tíma sem Siðameistari Landsstjórnar. En á sama tíma hvetja ykkur kærur bræður til þess að gefa kost á ykkur í embætti á landsvísu því þetta er bæði skemmtilegt og þroskandi.

Takk fyrir mig.

Ykkar í teibli

Gústaf Lilliendahl

Siðameistari Landsstjórnar 2024-2026.

ISLAND

HVERT ER ÞESSI HREYFING AÐ STEFNA?!

SVAR FRÁ RAFNI SIGURÐSYNI - RT2

Við skulum byrja einfaldlega að nefna það að einkunnarorð Round Table eru að „Tileinka - Aðlaga - Bæta“. Að öðru er gott að nefna að þetta er Round Table og þar eru allir jafnir, enginn er merkilegri en annar og nú skulum við huga að þessari spurningu sem mér blöskraði við. Round Table hefur sko alls ekki gleymt því að þetta er merkilegur klúbbur og myndi ég segja það eitt og sér að taka þátt sýnir að um merkilegan mann er að ræða. Það myndi ég sjálfur segja góð vísbending um að menn eru farnir að gera fundina skemmtilega og fjölbreytta með fjölbreyttu þema sem menn eru almennt farnir að taka mjög vel undir.

Kannski á þínu árum hefði þetta ekki tíðkast en þá vaknar upp einföld spurning, hvernig hefur mætingin á fulltrúarráðsfundi þróast yfir síðustu ár. Því ég sé ekki betur en að við séum nú orðnir það margir og duglegir að mæting yfir 100, sem er 1/3 allra íslensku hreyfingarinnar, ekki óalgengt og orðið að venjulegri mætingu.

Næsti hluti setur útá drykkjuleysi sumra, fegurð, fjölbreytileiki. Þessir menn kunna að gefa af sér óháð því að vera undir áhrifum áfengis. Geri aðrir betur.

Seinni hlutinn felst bara í því að gera lítið úr landstjórn og er það algerlega galið. Topp menn sem gefa endalaust af sér.

Finnst mönnum svona hegðun fyndin og sniðug? Nei þetta er það ekki! Ef þetta kallast

grín þá getur það auðveldlega farið yfir höfuðið á svefnlausum teiblum. Hver stendur upp og ber ábyrgð, allir í RTÍ, það er fegurðin. Allir hafa kosið þessa stjórn yfir sig og þær breytingar sem hafa átt sér stað.

Í Round Table höfum við vini sem hægt er að treysta og reyða sig á. Með hverju árinu kynnist ég nýjum mönnum, sem án þess að vera í Round Table hefði ég líklegast aldrei fengið þess að njóta návist með.

Hvert er þessi hreyfing að stefna? Á eitthvað svo miklu betra en þú getur mögulega skilið.

Hreyfingin hefur fengið viðurkenningar frá RTI meðal annars. Það hafa aldrei verið fleirri í hreyfingunni, aldrei verið betri mæting á innlenda sem erlenda fundi. Við erum fjölbreyttari, sterkari og betri en nokkru sinni fyrr og leiðinlegt að gamall teiblarí sér þetta ekki þannig. En það er kannski bara viðhorfsbreyting sem ungir menn eiga auðveldara með. Gamall maður sem álitur sig merkilegan á kannski erfitt með að sjá fegurðina í þessum breytingum en sjálfur sé ég ekkert nema frábæra þróun sem hefur átt sér stað liðinna ára.

Sjálfur vona ég að þetta haldið svipaðri leið áfram og reikna ég með frábærum fundum, viðburðum. Fleirri top teiblum og ég er á því að hefur aldrei verið betra að vera Teiblarí.



ÞORGEIR KARLSSON | RT8 - REYKJAVÍK

HYM 2026 - NOREGUR

Ég ákvað að skella mér á níunda (held ég... hættur að telja eftir nokkra) alþjóðlega viðburðinn á einu og hálfu ári. Að þessu sinni lá leiðin á skíðasvæði í norsku fjöllum í Gol klassískt „Table“-combo: snjór, félagsskapur og hæfilegt magn af drykkjum.

Miðvikudagur - Byrjunin

Ferðin hófst snemma, eða réttara sagt alltof snemma. Elías, varaformaður áttunnar, sótti mig klukkan 04:45. Áður en ég náði almennilega áttum var mér réttur BARA drykkur - engin formleg kveðja, bara beint í verkefnið.

Ég kláraði hann akkúrat þegar við renndum í hlað á Keflavíkurlugvelli. Þetta lofaði góðu.

Eftir fríhöfnina skildu leiðir okkar tímabundið. Elías fór í Saga Lounge og bauð mér með, en ég ákvað að sleppa því, tæplega 10.000kr fyrir einn og hálfann tíma er vel í lagt. Ég fann félagi úr RT-6 og við settumst niður sama í morgunmat. Ég lét mér nægja einn drykk, enda ekki mikið fyrir það að drekka mikið fyrir flug.

Noregur - Plan sem breytist

Þegar við lentum í Noregi hittumst við aftur við færíbandið ásamt um 15 félögum úr RT-6. Þeir voru með rútu beint á hótelið, um þriggja tíma ferð. Við Elías áttum hins vegar að bíða í rúmlega 5 klukkustundir eftir almenningsrútu.



Við kynntumst þá nokkrum úr finnsku landsstjórninni sem buðu okkur með sér niður í Osló á veitingastað. Ég var meira að segja nýbúinn að kaupa tvo lestormiða þegar síminn hringir RT-6: „Það er laust hjá okkur í rútunni!“ Miðarnir voru bókstaflega að koma út úr sjálfsalanum. Við þáðum boðið samstundis, gáfum einum Finna miðana og sluppum við biðina. Gleðin var raunveruleg. 5 tíma bið breyttist í strax brottför og stemningin í rútunni toppaði það allt. Þar var skálað, sungnar rímur og farið með drykkjuvísur eins og sannir Íslendingar gera best.

Hóтелиð

Við mættum á hóтелиð og uppgötvuðum að herbergið var með tvö einbreið rúm... sem höfðu verið bundin saman á tveimur stöðum. Ekki alveg hjónarúm meira svona samstarfsverkefni.

Eftir kvöldverðarhlaðborð settumst við á barinn, spjölluðum við þá sem voru mættir og tókum á

móti gömlum vinum sem streymdu inn um kvöldið.

Fimmtudagur

Dagurinn byrjaði vel með góðum morgunverði. Eftir smá afslöppun fórum við í sund og heita pottinn þar sem nokkrir bjórar/drykkir runnu ljúflega niður.

Í hádeginu beið okkar... nákvæmlega sama hlaðborð og kvöldið áður. Það var meira að segja smá tilfinning fyrir því að sumir réttir hefðu fengið að þróast yfir nóttina.

Eftir því sem leið á daginn fjölgaði fólki alls staðar að úr heiminum. Það er alltaf jafn gaman að hitta vini aftur og taka á móti nýjum. Um kvöldið var opnunarræða og svo stórt welcome party þar sem stemningin fór á fullt.

Föstudagur: Fundur og fjör

Ég mætti á fundinn um morguninn og sat megnið af honum. Seinnipartinn áttum við Elías

að fara í þyrluflug en því var aflýst. Elías fór þá í hundasleðar í staðinn og stóð sig eins og sannur víkingur.

Um kvöldið var Nation Night: einn af hápunktum ferðarinnar. Ísland mætti vel undirbúið:

SS pylsur, nammi, þristur, bingókúlur, hákarl, brennivín og ópalskot.

Það var einstaklega skemmtilegt að ganga á milli bása og smakka frá öðrum þjóðum. Kvöldið heppnaðist frábærlega og það var greinilegt að Ísland lét sitt ekki eftir liggja.

Laugardagur: Recovery og Gala

Laugardagurinn byrjaði rólega. Mjóbakið hafði ákveðið að taka sér frí, svo ég eyddi deginum í rólegheitum og sleppti dagspartýinu til að ná mér í form fyrir Gala-kvöldið.

Það borgaði sig. Gala-kvöldið var frábært. Góður matur og skemmtileg stemning.

Eftir það færðist partýið upp á barinn og hélt áfram langt fram á nótt - eins og lög gera ráð

fyrir í svona ferð.

Sunnudagur: Heimferðin



Vaknað var snemma og rútur fóru klukkan 07 og 09. Við tókum seinni ferðina ásamt mörgum öðrum sem voru annað hvort þunnir, þreyttir eða enn hálfsofandi.

Ferðin til Osló var óvenju róleg miðað við restina af helginni.

Í Osló áttum við dag fram að flugi, svo fyrsta verkefni var að finna töskugeymslu. Eftir smá leit lá leiðin á McDonald's, klassísk og nauðsynleg ákvörðun eftir svona helgi.

Seinna hittist hópurinn á bar á lestarstöðinni þar sem við borðuðum, drukkum og horfðum á fótbolta til að stytta biðina fram að heimför. Heilt yfir var þetta einstaklega skemmtileg ferð. Frábær félagsskapur, nóg af ævintýrum, og minningar sem lifa lengi.

Svona ferðir minna mann alltaf á hvers vegna maður er í þessu - fólkið, stemningin og sögurnar sem maður kemur heim með.





Það er eitthvað sérstaklega fallegt við hugmyndina um óvissuferð. Spennan, ráðgátan, tilfinningin að vera hugsanlega á leið til Akureyrar... eða Amsterdam. Við í stjórn RT10 ákváðum að taka þetta alla leið og skipuleggja óvissuferð til Dublin. Plan þar sem enginn átti að vita neitt.

Raunin: allir vissu allt. Takk fyrir Icelandair app.

Einhvern tímann í aðdragandanum fóru tilkynningar að detta inn „Flug bókað til Dublin.“ Óvissan dó hraðar en bjór drukkinn í ókeypis happy hour. En það þýddi ekki að ferðin yrði ekki ævintýri við þyrftum bara að vera skapandi.

Stærsta svindl ferðarinnar

Í örvæntingu minni til að bjarga einhverju af óvissunni ákvað ég að henda inn smá blekkingu. Ég lét nokkra trúna því að konan mín væri að fara með í ferðina sem hljómar kannski ekki dramatískt... nema fyrir þá sem þekkja hana og vita að hún er einn mesti gleðipinni LC hreyfingunnar og hún hefði stýrt öllum gleðihöldum okkar og séð til þess að við

myndum ekki þrjóna yfir okkur. Sannleikurinn var samt sá að hún var á leið í annað flug, á sama tíma. En ég náði að plata ótrúlega marga. Það segir kannski meira um mig... eða þá.

Fyrsta stopp ferðarinnar

Við byrjuðum ferðina á stað sem passar RT einstaklega vel eða kirkju sem hefur verið breytt í veitingastað og bar, The Church þar sem altarið hefur verið uppfært í bar og prédikanir skipt út fyrir pöntun á Guinness. Það má með sanni segja að hópurinn hafi fundið andlega tengingu við staðinn. Sérstaklega eftir fyrstu drykkina á staðnum. Liro góður vinur okkar frá RT í Dublin átti sinn þátt í að koma drykkjunum niður.

Guinness og Jameson meira en bara áfengi

Næst var það Guinness verksmiðja/safn þar sem við lærðum allt sem hægt er að læra um Guinness og aðeins meira en við mundum daginn eftir. Sumir tóku verkefnið „hella fullkominn pint“ mjög alvarlega. Aðrir tóku verkefnið „drekka hann“ enn alvarlegra. Drekka

verkefnið varð það alvarlegt að sá fáheyrði atburður innan safnsins var að einstaklingi var hent út. Get þó vottað það að aldrei þessu vant var einstaklingurinn að mestu saklaus allavega á okkar mælikvarða.

Svo var haldið í Jameson Distillery Bow St. þar sem við fengum fræðslu um viskíframleiðslu.

Það sem byrjaði sem menningarleg upplifun breyttist fljótt í tilraunaverkefni: „Hversu mikið getum við lært áður en við gleymum öllu sem var sagt?“ Niðurstaðan er enn til rannsóknar.

Hápunkturinn - Bókstaflega hæsti punkturinn

Einn af hápunktum ferðarinnar var heimsókn á hæsta bar Írlands (Johnny Fox's) þar sem með okkur fylgdi hluti af Round Table hreyfingunni í Dublin. Þar áttum við rólega stund ef róleg stund flokkast sem dans á borðum og hávær söngur þar sem meðal annars leiddi RT hópsöng á laginu „ferðalok“ við góðar undirtektir bargesta. Frammistaða okkar olli því að hluti hópsins fékk kennslu í Riverdance af danshóp barsins. Og hér þarf að stoppa aðeins við danskennsluna.

Það eru til augnablik í lífinu sem fólk gleymir aldrei. Þetta var eitt af þeim, ástæðan aðallega því að frammistaðan var svo mögnuð að áhorfendur eru enn í áfalli, aðrir neita að kannast við að hafa tekið þátt og einn einstaklingur er líklega kominn á bannlista hjá írskri menningararfleifðarfélaginu.

Staðfesting á tilgangi Round Table

Óvissuferðin sem varð of snemma að vissuferð reyndist samt vera ein af þessum ferðum sem maður gleymir aldrei. Þrátt fyrir að minni sé stopult eftir þessa ferð. Það útskýrir af hverju ekki allt er nefnt en það sem maður man er ógleymanlegt

Ferðin og undirbúningur gekki ekki alltaf fullkomlega eftir áætlun en vegna félagskapsins sannaði RT10 í Dublin enn og aftur að það skiptir ekki máli hvert þú ferð, heldur með hverjum þú ferð og hversu illa þú dansar Riverdance þegar þú ert kominn þangað.

Takk fyrir Round Table 10 að sýna og staðfesta enn og aftur af hverju það er gott fyrir alla að taka þátt í Round table hreyfingunni.





GÍSLI FELIX | RT17 - SELFOSS

FYRSTA STARFSÁR RT17 Á SELFOSSI

Síðasta vor var RT17 á Selfossi stofnað fyrir tilstilli RT14, en eftir gríðarlega góða endurreisn. RT á Selfossi hjá þeim 14 mönnum var kominn grundvöllur fyrir nýjum hóp. Hefur þetta fyrsta starfsár gengið heilt yfir vel, 13 drengir hófu leik, nokkrir heltust úr lestinni eftir því sem leið á en í þeirra stað hafa aðrir komið sterkir inn í staðinn. Telur hópurinn í dag 11 öfluga meðlimi og staðan sett á að auka við hópinn á næstunni.

Þó nokkrir eftirminnilegir fundir hafa verið haldnir í vetur og fjölbreytnin mikil, en við ætlum að segja stuttlega einum þeirra sem stendur sérstaklega upp úr. Sá bar yfirskriftina „Adrenalín“ og var því eftirvæntingin mikil um hvernig fundarstjórar myndu túlka það og hvað yrði boðið upp á. Spennan magnaðist ekki síður þegar fundarboðið barst, en það hljóðaði svona:

Miðvikudagur 19. nóvember
Fundur settur stundvíslega 19:00
Mæting í anddyrið í Árvirkjanum
Heiti fundarins er „Adrenalín“ og mun fundurinn reyna á adrenalín manna svo um munar!

Þessu viljið þið ekki missa af!

Seinna fylgdu með leiðbeiningar um að mæta klæddir eftir veðri, sem jók enn frekar eftirvæntinguna. Því mættu menn galvaskir, kappklæddir í föðurlandinu og snjógallanum, tilbúnir í átök og adrenalín en einnig mættu með gestir úr RT14 – enda ljóst að hér væri á

ferðinni snilldarfundur sem enginn vildi missa af! Á móti þeim tóku fundarstjórar ásamt leiðbeinanda sem var mætt með poka fullan af garni og prjónum til að kenna mönnum að prjóna sér til gagns. Deila má um hversu hátt adrenalín manna fór á þessum fundi og þó mönnum hafi sumum verið full heitt í föðurlandinu, skemmtu sér allir frábærlega og sýndu sumir frábæra takta á prjónunum!

Við í RT17 hlökkum mikið til að halda áfram uppbyggingunni á næsta starfsári og munum bjóða ykkur öllum á charter fund í haust sem við erum komnir á fullt með að undirbúa!

Sjáumst á AGM!
Ykkar í teibli,


Meðlimir RT17 - Selfossi.



HLUSTAÐU Á SPOTIFY



HLAÐVARP ROUND TABLE ÍSLANDS



HLAÐVARP ROUND TABLE ÍSLANDS





RT15 - AKUREYRI

OKTÓBERFEST RT15 Í SKJÓLBREKKU

2. Fulltrúaráðsfundur Round Table Íslands

8. til 11. október 2026 í Mývatnssveit

Ef þú hefur einhvern tímann hugsað: „Mig vantar meiri pylsur, meiri bjór, meiri gleði og meira teibl í lífið“ þá er þetta viðburðurinn sem svarar öllum þínum bænum.

Round Table 15 býður til sannkallaðrar Oktoberfest hátíðar í Skjólbrekku í Mývatnssveit aðra helgina í október. Þetta er einmitt annar fulltrúaráðsfundur Round Table á Íslandi.

Hvar gistum við og hvað kostar fjörið

Gisting verður á Sel-hótel Mývatni, sem er staðsett á einum fallegasta stað landsins. Þar eru frábær rúm og útsýni fyrir allan peninginn, sem skiptir kannski ekki máli þar sem mestur tíminn fer í að skemmta sér með öðrum teiblurum.

Verð fyrir gistingu:

tveggja manna herbergi er 22.750 kr. nóttin eins manns herbergi er 19.350 kr. nóttin

Skemmtunin fer að mestu fram í Skjólbrekku sem er rétt hjá, svona næstum þannig að Gústi

Lill gæti kastað stígvéli þarna á milli. Hvortveggja er s.s. á Skútustaðatorfunni.

Verð fyrir skemmtun:

Pakkar án pretour

Earlybird helgarpakki (19.500 kr.)

Helgarpakki (21.500 kr.)

Nýliðapakki (helgin) (19.500 kr.)

Stakir viðburðir

Föstudagsparty (6.500 kr.)

Fulltrúaráðsfundur (7.500 kr.)

Laugardagskvöld (9.000 kr.)

Pretour (7.000 kr. Ekki hluti af pökkum)

Pælingar um dagskrá

Helgin byrjar víst á fimmtudegi, ekki er stefnt að formlegri dagskrá, en á Sel-hótelu er frábær matur, bar, bjór, heitir pottar, sauna, billiard og píla. Á föstudegi fer svo allt almennilega af stað með pre tour, móttöku og kvöldmat, áður en kvöldið tekur sína eðlilegu stefnu yfir í forhúð og teibl.

Laugardagurinn byrjar svo á morgunmat og fundarhöldum, sem eru alveg nauðsynleg til að hægt sé að segja að þetta sé skipulögð

samkoma, en svo færast fókusinn yfir í annað.

Um kvöldið verður risastórt októberfest hlaðborð þar sem stefnt er að hafa kartöflupylsusúpu, nokkrar tegundir af pylsum, pylsubrauð, pretzle, kartöflusalat, sósur, snitzel og brúnar kartöflur, og svo verður endað með Skútaís beint frá býli, súkkulaðiköku með rjóma, kaffi og te. (Þessi upptalning getur breyst).

Eftir það tekur uppboðið við og svo heldur kvöldið áfram af fullum krafti með ýmiskonar og fjölbreyttri skemmtun. Í stuttu máli er þetta helgi sem byrjar kurteislega, verður svo aðeins minna kurteis og endar líklega nákvæmlega eins og góð októberfest helgi á að enda.

Aðrar veigar

Það er stefnt að því að flytja inn alvöru októberfest bjór sérstaklega fyrir tilefnið. Nema við fáum eitthvað brugghús til að brugga hann fyrir okkur. Þá verður auðvitað nóg af öðrum áfengum sem og óáfengum drykkjum.

Skemmtunin (eða af hverju þú munt ekki sofa mikið)

Dagskráin er sett upp með það í huga að enginn mun hafa tíma til að láta sér leiðast. Það

verður stöðug hreyfing á hlutunum, uppákomur sem koma þér á óvart og keppnir sem byrja sakleysislega, tónlist og teibl.

Það er mjög líklegt að einhver segi snemma kvölds „ég ætla bara að taka því rólega í kvöld“ og endar síðan á því að vera síðastur að fara að sofa.

Skráning

Skráning fer fram á RT15.is og hún uppfærast í rauntíma. Það þýðir að þú getur fylgst með stöðunni og séð nákvæmlega hvaða klúbbar eru að taka þessu alvarlega. Það skapast óhjákvæmilega samkeppni. Hvaða klúbbar verður fjölmennastur, hvaða klúbbar fær ferðabíkarinn og getur montað sig mest eftir helgina. Þetta byrjar sem saklaus samanburður en endar oft sem spurning um stoltið.

Af hverju þú mátt ekki missa af þessu

Pylsur + Bjór + Mývatn + Vinir + Rugl

Þetta er einföld jafna sem virkar alltaf. Farðu inn á RT15.is og skráðu þig áður en þetta fyllist.



DANILO NAVA | RT3 - REYKJAVÍK

PINNAR: LITLU MERKI MEÐ STÓRAR SÖGUR

Það er stundum sagt í Round Table að pinninn sé minnsti hluturinn sem við berum, en einn sá áhrifamesti. Það hljómar kannski stórt, en eftir nokkra fundi, heimsóknir og viðburði fer maður að skilja hvað þetta þýðir. Pinnar eru ekki bara skraut á jakka, vesti eða hálsbandi. Þeir eru tákni um hver við erum, hvaðan við komum, hvert við höfum farið og hvaða fólk við höfum hitt á leiðinni. Fyrir Round Table Iceland eru pinnar hluti af menningu sem tengir okkur við klúbbinn okkar, RTÍ og alþjóðlega Table fjölskyldu.

Fyrir nýjan Tabler getur pinnamenningin virst svolítið sérstök í fyrstu. Maður mætir á fund eða viðburð og sér menn skoða pinna hjá hvor öðrum, bera saman jakka og spyrja: „Hvaðan er þessi?“ En þegar maður tekur þátt í þessu sjálfur fattar maður fljótt að þetta snýst ekki um málminn eða litina. Þetta snýst um sögurnar, tengslin og vináttuna.

Hvað þýða pinnar?

Í upphafi voru pinnar fyrst og fremst auðkenni. Þeir sýndu hvaða klúbbi maður tilheyrði og að maður væri hluti af Round Table. Með tímanum hafa þeir þróast yfir í miklu ríkari hefð. Í dag eru pinnar eins konar sjónrænt tungumál hreyfingarinnar. Þeir eru eins konar líkamleg ferilskrá Tablersins. Þeir geta sagt frá fundum sem hann hefur sótt, embættum sem hann hefur gegnt, klúbbum sem hann hefur heimsótt, o.s.frv. Hver pinni er lítið minnismerki um ákveðinn tíma, stað eða manneskju.

Sumir pinnar eru klúbbpinnar. Aðrir eru viðburðarpinnar, landsmótspinnar, embættispinnar eða persónulegir pinnar. Sumir eru virðulegir og klassískir. Aðrir eru myndir, skrýtnir eða byggðir á innanhússbrandara sem þarf að útskýra fyrir öllum sem spyrja. Og einmitt það er oft það besta við þá. Góður pinni vekur spurningu. „Hvað þýðir þessi?“ „Hver bjó hann til?“ „Hver er sagan á bak við hann?“ Þegar sú spurning kemur byrjar samtalið. Og oft byrjar vináttan þar líka.

Að vera „pinnaður“

Pinnar tengjast ekki bara skiptum og söfnun. Í Round Table hefur það að vera pinnaður sérstaka merkingu. Það vísar til þess þegar nýr félagi er formlega tekinn inn í bræðralagið og fær sinn pinna. Það augnablik er meira en bara formleg afhending á merki. Þegar þú ert pinnaður ertu ekki bara að fá aðgang að klúbbi. Þú ert að verða hluti af stærri fjölskyldu. Þú ert tekinn inn í samfélag sem byggir á vináttu, trausti, þjónustu, gleði og sameiginlegri reynslu.

Fyrsti pinninn skiptir því oft miklu máli. Hann er tákni um upphafið á Table ferðalaginu þínu. Kannski verður hann einn daginn við hliðina á mörgum öðrum pinnum frá ferðum, fundum og viðburðum. En hann verður alltaf sá sem markaði byrjunina.

Af hverju skiptumst við á pinnum?

Pinnaskipti eru ein af þessum hefðum sem lítur út fyrir að vera mjög einfalt og yfirborðskend: ég gef þér minn pinna og þú gefur mér þinn. En í raun er þetta miklu persónulegra. Þegar tveir Tablerar skiptast á pinnum er það ekki bara viðskipti. Það er lítil athöfn. Þið heilsist, talið saman, segið frá ykkur og deilið sögunni á bak við pinnann, þannig verður pinninn að tengingu. Hann segir: „Við hittumst. Við töluðum saman. Við deildum augnabliki.“ Þess vegna muna margir Tablerar nákvæmlega hvar þeir fengu ákveðna pinna. Einn getur minnt á fyrsta landsmótið, annar á ógleymanlega utanlandsferð og sá þriðji á mann sem þú hittir einu sinni en tengdir strax við.

Pinnaskipti eru líka frábær ísbrjótur. Á stórum alþjóðlegum viðburði, þar sem hundruð Tablera eru í sama sal, getur pinni verið besta leiðin til að byrja samtalið. Þú þarft ekki flókna opunarlínu. Þú getur einfaldlega spurt: „Hvaðan er þessi?“ eða „Hver er sagan?“

Pinnar sem vináttubönd

Í Round Table tölum við mikið um vináttu og félagsskap. En vináttu verður ekki bara til í formlegum ræðum eða fundargerðum. Hún verður oft til í litlu augnablikunum. Yfir kaffibolla (eða bjór) fyrir fund. Í rútu á leið á viðburð. Við borð með gestum frá öðrum



Viktor Bogdanski - RT8

„Á mínum fyrsta fulltrúaráðsfundi sem ég fæ seinni coininn minn. Ég vissi ekki við hverju ætti að búast en um leið og ég kom út úr bílnum var tekið á móti mér með faðmlagi frá ókunnum teiblara. Fljótlega dett ég svo í spjall við hann Kristján hjá RT6 og úr varð mín fyrsta persónulega tenging við meðlim úr öðrum klúbbsi. Eftir dágott spjall fæ ég bæði RT6 pinna og coin frá honum, sem mér fannst alveg geggjað! Við Kristján spjölluðum svo slatta yfir helgina og ég fylgdi því eftir með því að kíkja á fund hjá RT6 stuttu síðar. Fyrir mér eru þessir pinnar og coin tákn um tenginu og venskap. Ég hvet alla til að mynda góða tengingu áður en skipst er á pinnum/coin, því þá verður merking þeirra mun dýpri bæði fyrir þér og öðrum“

Hvernig skiptir maður á pinnum?

Það eru engar ofboðslega strangar reglur, en það eru nokkrar óskrifðar hefðir sem gera skiptin skemmtilegri og persónulegri. Best er að byrja á samtalinu. Kynntu þig, segðu hvaðan þú kemur og spurðu hinn Tablerinn út í hans klúbb, land eða pinna. Ef þú ert með eigin pinna, segðu stuttlega frá honum. Hvað táknar hann? Hvers vegna var hann gerður? Er einhver saga, viðburður eða brandari á bak við hann?

Svo má einfaldlega spyrja hvort viðkomandi vilji skipta. „Áttu pinna til að skipta?“ eða „Viltu skipta á pinnum?“ það er alveg nóg. Þetta þarf ekki að vera hátíðlegt eða stíft, en það verður miklu betra þegar smá virðing og nærvera fylgir. Oft er hefðin sú að maður festir sinn pinna sjálfur á hinn aðilann, til dæmis á jakka, vesti, hálsband eða annan stað þar sem hann safnar pinnum. Það gerir augnablikið persónulegra. Auðvitað þarf alltaf að sýna tillitssemi. Ekki stinga pinna í dýran jakka eða viðkvæman fatnað án þess að spyrja.

Almennt er gott að hugsa um skiptin sem einn á móti einum. Þetta er ekki markaðstorg og ekki keppni. Það sem skiptir máli er að skiptin hafi

klúbbsi. Eða þegar einhver tekur pinna úr vasanum og segir: „Við skulum skipta.“ Þess vegna eru pinnar svo sterk tákn. Þú kemur með eitthvað frá þér og gefur það áfram. Á móti færðu eitthvað frá öðrum. Þetta er einföld gjöf, en hún ber með sér virðingu, opnun og vilja til að tengjast.

einhverja merkingu. Ef þú ert nýr og átt enga pinna ennþá, þá er það ekkert vandamál. Flestir Tablerar skilja það vel. Margir gefa jafnvel nýjum félögum pinna til að koma þeim inn í hefðina. Svo þegar þú færð þína eigin pinna seinna heldur þú áfram að gefa söguna áfram.

Hvenær ættir þú að búa til þinn eigin pinna?

Þú ættir að búa til pinna þegar þú hefur eitthvað að segja.

Það getur verið klúbbpinni fyrir félagsmenn. Það getur verið pinni fyrir sérstakt tilefni eins og afmæli klúbbsins, landsmót, heimsókn frá erlendum gestum, góðgerðaverkefni, embættisár eða sérstakan viðburð. Það getur líka verið persónulegur pinni sem tengist þínu eigin Table ferðalagi, húmor eða hlutverki innan hreyfingarinnar.

Það fallega við pinnamenninguna er að hún gefur mikið rými fyrir sköpun. Klúbbar geta framleitt pinna fyrir sína félagsmenn og félagsmenn geta líka hannað og framleitt sína eigin pinna. Nýr félagi getur því byrjað að hugsa um sinn eigin pinna mjög snemma á Table ferðalaginu, svo lengi sem hann fylgir

grunnreglum og notar merki hreyfingarinnar af virðingu.

Samkvæmt Round Table Iceland þarf merki RTÍ að koma fram og/eða merki klúbbsins sem viðkomandi tilheyrir til að pinninn teljist Round Table pinni. Einnig þarf að gæta þess að merkið sé notað rétt og smekklega.

Það er gullna reglan. Vertu skapandi, en vertu smekklegur. Pinni má vera fyndinn, öðruvísi og persónulegur, en hann þarf samt að bera virðingu fyrir RTÍ, klúbbnum og gildunum sem við stöndum fyrir.



Guttormur Ingi - RT6

Bestu pinnarnir eru oft þeir sem fólk spyr út í. Ef einhver sér pinnann þinn og segir: „Hver er sagan á bak við þennan?“ þá hefur hönnunin virkað.

Það er líka gott að hugsa praktískt. Stærðin þarf að vera þægileg. Textinn þarf að vera læsilegur. Litirnir þurfa að koma vel út. Merki RTÍ eða klúbbsins þarf að vera skýrt og rétt notað. Ef hönnunin er of full af smáatriðum getur hún orðið óskýr þegar pinninn er framleiddur. Góð regla er að velja eina sterka hugmynd og gera hana vel.

Ferlið við að búa til pinna

Fyrst kemur hugmyndin. Hún getur byrjað sem teikning á blaði, setning í símanum, gamall brandari úr klúbbnum eða hugmynd sem kviknar eftir fund. Næst þarf að móta hönnunina. Ef einhver í klúbbnum kann á grafísk forrit er frábært að nýta það. Annars er oft hægt að fá hönnuð eða framleiðanda til að

Hvað gerir góðan pinna góðan?



Góður pinni þarf ekki að vera flókinn. Stundum eru einföldustu pinnarnir sterkastir. Það sem skiptir mestu máli er að hann hafi skýra hugmynd og góða sögu. Byrjaðu á að spyrja: Hvað á pinninn að segja? Á hann að tákna klúbbinn minn? Ísland? Vináttu? Viðburð? Embættisár? Íslenskir pinnar hafa mikla möguleika á að standa út úr á alþjóðlegum viðburðum. Erlendir Tablerar elska oft pinna sem eru greinilega tengdir landinu eða klúbbnum sem þeir koma frá.

„Þetta er personal pin frá danska ritaranum honum Kenney Blicher Dam, þetta er útgáfa tvö af pinnanum sem hann gerði eftir að hann tók embætti í landstjórn þá bætti hann bókinni fyrir neðan. Það sem er skemmtilega öðruvísi við pinnan er að það er qr code aftaná honum sem ef þú sannar hann þá endar á einskonafrænu gestabóki“

hjálpna við að gera hugmyndina framleiðsluhæfa. Svo þarf að ákveða magn. Er pinninn fyrir alla í klúbbnum? Fyrir ákveðinn viðburð? Fyrir skipti? Fyrir takmarkað upplag? Ef þú ætlar með hann á alþjóðlegan viðburð er gott að panta aðeins meira en þú heldur að þú þurfir. Það er fátt leiðinlegra en að klára alla pinnana fyrsta kvöldið.

Því næst þarf að velja útfærslu. Algengt er að pinnar séu úr málm með enamel, en það eru til margar leiðir til að gera þá sérstaka. Þeir geta verið glansandi, mattir, upphleyptir, með glimmeri, gegnsæjum litum eða sérstökum frágangi. En mundu að flóknara er ekki alltaf betra. Sterk hugmynd og hrein hönnun vinna oft ofhlaðna útfærslu.

Áður en pinni er pantaður er gott að fá samþykki frá klúbbnum, sérstaklega ef merki klúbbsins eða RTÍ er notað. Það tryggir að allir séu sáttir og að merkið sé notað á réttan og smekklegan hátt.



Pin the Pins

Pin the Pins, eða pinthepins.com, er frábært framtak sem passar fullkomlega inn í þessa menningu. Hugmyndin er að safna saman upplýsingum um Round Table pinna frá öllum heimshornum, með myndum og sögunum á bak við þá. Þetta er mikilvægt vegna þess að pinnar eru oft framleiddir í litlu upplagi. Sumir eru aðeins til í nokkrum tugum eintaka. Aðrir hverfa fljótt í skúffur, á jakka eða í einkasöfn. Ef enginn skráir þá getur sagan á bak við þá horfið.


Með Pin the Pins verður hægt að varðveita þessa sögu stafrænt. Hver bjó pinnann til? Hvaða klúbbur stóð á bak við hann? Var hann gerður fyrir sérstakan viðburð? Hvenær var hann framleiddur? Hvað táknar hönnunin? Þetta eru spurningar sem verða verðmætari með árunum. Fyrir okkur á Íslandi er þetta líka tækifæri. Íslenskir klúbbar ættu að skrá sína pinna, bæði gamla og nýja. Þannig sýnum við nærveru RTÍ á alþjóðavettvangi og hjálpum framtíðar Tablerum að skilja hvaðan pinnarnir komu og hvað þeir þýddu.

Af hverju skiptir þetta máli?

Það er auðvelt að segja að pinnar séu bara smáhlutir. Og já, tæknilega séð eru þeir það. En í félagsskap eins og Round Table eru smáhlutirnir oft það sem heldur minningunum lifandi. Við munum kannski ekki alltaf nákvæmlega dagskrána á hverjum fundi, allar ræður eða fundargerðir. En við munum fólkið. Við munum stundirnar. Við munum þegar einhver tók á móti okkur, gaf okkur pinna og lét okkur líða eins og við værum hluti af einhverju stærra.

Pinnargeta verið fyrsta samtalið við nýjan vin. Hann getur verið þakklæti fyrir heimsókn. Hann getur verið minning um klúbb sem tók vel á móti þér. Hann getur verið tákn um að þú hafir verið þarna, tekið þátt og lagt þitt af mörkum. Berðu pinnana þína með stolti. Skiptu á þeim með sögu. Hannaðu þinn eigin með anda RTÍ í huga. Hver pinni er minning sem bíður eftir að verða til.

VISSIRÐU AÐ ÞESSU?



Tabler.wiki er fjarsjóðskista af fróðleik sem hefur tekið stakkaskiptum á undanfögnu ári þar sem alheimsforsetinn hefur verið mjög duglegur að uppfæra og kynna þetta platform.

En hvað er að finna þarna? jú t.d.:

Hvernig virkar coin game
<https://tabler.wiki/wiki/rt/customs/coin-game/>

Langar þig að fræðast um euroski?
<https://tabler.wiki/wiki/rt/events/meetings/euroski/>

Villtu fræðast um round table Trinidad and Tobago?
<https://tabler.wiki/wiki/rt/assn/nea/rttt/>

Hvað er þetta Round Table Ísland?
<https://tabler.wiki/wiki/rt/assn/nea/rtis/>

Hvað er skrifað um klúbbinn þinn?
<https://tabler.wiki/wiki/rt/assn/nea/rtis/t/>

Eins og sjá má það er fullt af allskonar sniðugu þarna og ég mæli með að menn nýti sér þetta, enda stút fullt af allskonar áhugaverðu efni.


En er eitthvað þarna sem er ekki alveg rétt eða vantar hreinlega? Þú getur tekið þátt í að skrá söguna eða upplýsingar þarna inn endilega heyrði í Gutta ef þið viljið fá aðgang til að breyta eða bara óska eftir minniháttar breytingu.



tabler.events er síðan sem þig hefur alltaf vantað einfalt viðmót með þægilegum síum sem gera það gríðarlega auðvelt að finna viðburðina sem þú leitar af!

Fyrir hvern viðburð fær maður hvenær viðburðurinn er, nafnið á viðburðinum oftast þegar maður smellir nafnið endar maður á heimasíðu viðburðar, næst eru merkingar fyrir síurnar og þar á eftir hvar viðburðurinn er þetta er alltaf google maps lekkur sem sýnir þér á korti hvar viðburðurinn er.

Uppi í hægra horninu eru svo fjölskildurnar sem þessi event er fyrir. Farðu bara og prófaðu þetta er ótrúlega einfalt og þægilegt!



tabler.guide er ferðahandbók fyrir Tablera sem vilja nýta Round Table tengslin sín úti í heimi. Síðan er hugsuð sem leiðarvísir fyrir ferðalög, heimsóknir og alþjóðlegan félagsskap, með efni eins og ferðaplan, upplýsingar um lönd, pökkunarlista, orðabók og blogg.



STEFÁN BONNER | RT2 - REYKJAVÍK

LÚXÚS ANDARFRÆÐI

Í upphafi fór ég með besta vini mínum Bigga til Dublin, Hann, vinir hans og fjölskilda fóru á ACDC tónleika en ég notaði ferðina til að heimsækja Pabbi minn sem á heima í Dublin. Í þessari Dublinar ferð kynntist ég Bjögga. Yndislegur maður, hlýr og hvetjandi, sem stundar að bjarga manslífum sem hobby. Eftir Dublinar ferðina bauð hann mér og Bigga að koma á RT fund.

Mér fannst nýliða fundurinn skrítn, form fastur og ég var ekki alveg viss hvað ég ætti að halda. En ég var búinn að segja við sjálfan mig að ég þyrfti að hætta að fela mig fyrir fólki og taka þátt í lífinu, ekki vera eins og pabbi, svo hræddur við að fara út úr húsi að hann hefur aldrei séð barna börnin sín. Engu að síður fannst mér hópurinn yfirþyrmandi. Allir virtust skynsamari, öruggari og þægilegri í tali en ég var fær um. Ég hélt áfram að hugsa að ég passaði ekki alveg inn og fékk stundum kvíða fyrir að mæta á fundi.

Á fundi sem var haldin í mini garðinum var talað um að fara til Lúxemborg á meðan jappað var á Pizzu. Bjöggi og Biggi voru búnir að bóka sig annað og gátu ekki farið svo ég hugsaði að ég myndi líka sleppa því en, ég heyrði sjálfan mig segja upphátt „Já... ég fer.“ og áður en ég vissi af voru flugmiðarnir bókaðir.

nokkrum vikum síðar Komu skilaboð um að ég skuldaði heilt ár af mánaðargjöldum í RT sem ég hélt að væru á sjálfvirkri greiðslu. Ég var nú þegar að borga af þremur yfirdráttarheimildum sem voru að drepa mig

Í hóp spjallinu spurði ég, hvort það væri eitthvað verklag við að hætta. Þeir svöruðu einfaldlega: „Hringdu“ þeir reyndu að hringja í mig en ég lét símann hringja út í nokkur skipti. Að lokum svaraði ég og muldraði að við gætum talað saman á næsta fundi, ég myndi mæta á hann.

Sá fundur, síðasti fundur fyrir ferðina, fjallaði um vináttu. Hver og einn átti að tala um vináttu í 3 mínútur, sá sem var næst því vann, Gunni talaði í næstum 4 mínútur á meðan Bjöggi talaði bara í 38 sekúndur. Ég var síðastur. Ég varð stressaður en til þess er leikurinn gerður, að sigrast á óttanum og vera fær um að tjá sig, mér tókst að standa upp, (sigur útaf fyrir sig) og segja „Vinir eru þeir sem maður er nálægur... og kunningjar eru vinir vina. Takk fyrir.“ Þetta var allt, þetta var eiginlega bara diss á Bigga sem hafði haldið 2 mínútna ræðu um hversu góðir vinir við værum og hvers vegna. Ég settist niður, ég skammaðist mín, mér fannst ég berskjaldaður og smár.

Eftir fundin sagðist ég en ætla að koma með til Lúxemborg, en það væri líklegast

best að ég myndi hætta eftir þá ferð. Gunni sagði að það væri bannað að hætta. Hann gæti sponað mig út árið og að ég gæti tekið þásu en það er bannað að hætta. Mig langaði að fara að gráta en svaraði bara að ég skyldi hugsa málið.

Flugvöllurinn

Rabbi sótti mig um kl 06 um morgunin, við sóttum Snorra og keyrðum upp í hafnarfjörð þar sem við lögðum bílnum hans Rabba og fórum yfir í bíl til Gunna og Arnars. Til þess að vera bara með einn bíl í stæði upp á flugvöll.

Ég var með 25.000 í seðlum sem ég náði að smala saman kvöldið áður og 50.000 á korti sem ég fékk með fjórðu yfirdráttarheimildinni. Eftir öryggsgáttina var ekki einn einasti staður þar sem hægt var að nota reiðufé. Ég bauðst því til að nota reiðuféð til að borga fyrir hvað sem hinir fjórir ætluðu að borða. Mér fannst það vandræðalegt og mér fannst mjög óþægilegt að þurfa að vera með eitthvað þannig vesen.

Biggi kom okkur hressilega á óvart með því að hitta okkur í fríhöfninni. Hann heilsaði

hópnum, hópurinn heilsaði honum, og það fóru af stað einhverjir fótboltabrandarar. Hann var á leið til Englands með fjölskyldu og vinum að horfa á leik.


Ég áttaði mig ekki á því fyrr en ég var kominn að hliðinu að ég hafði ekki sagt eitt einasta orð við hann.

„Hvað var að mér? Ég var greinilega bara á autopilot, kom on, vakna!“

Eftir flugvalla-hopp og 18.000 kr. Kaviar. Djók, við fórum á Burger King og gerðum það örugglega tíu sinnum á þessum þremur dögum, við töluðum samt alveg um að kaupa rándýran kaviar og hver munurinn var á því og íslenskum hrognum. Munurinn er víst sá að „alvöru“ kaviar kemur úr styrju (sem tekur mörg ár að rækta og kostar accordingly), á meðan íslensku hrognin eru úr loðnu eða þorski og miklu beinskeyttari í bragði.

Við sóttum töskurnar okkar og gengum út úr fríhöfninni í Lúxemborg.

Þar stóð Pat, Put, Pret, ég man ekki einu sinni hvað hann heitir, díses. Hann verður kallaður Pret þar til annað kemur í ljós. Pret





stóð í ganginum með heilt 70 lítra kælibox af bjór sem hann hafði komið með. Hann hafði verið í göngutúr á Mount Everest og rölti niður til að taka á móti okkur. Ég talaði ekki mikið við hann í fyrstu, en seinna í ferðinni sátum við hlið við hlið í heila máltíð á ítölskum stað (Roma, ef ég man rétt). Ég pantaði pasta. Hann heitir Pit Decker.

Pit splæsti fyrir okkur í lestina eða ég hélt það þar til að hann útskýrði að allar almennings samgöngur í Lúxemborg eru fríar, ókeypis, ekki gjald skildar. Auk þess að vera með helling af bjór var hann með heimabruggaðan sítrónusafa sem hann lét ganga um lestina á meða við ferðumst frá flugvöllinum inn í bæinn.

A-maze-ing

Við leyfðum okkur að tínast og uppgötvaðum þar með eitt af fallegustu og undarlegustu stöðum Evrópu.

Við röltum um gömlu borgina, upp og niður götur sem liggja á klettum og yfir djúpum dal. Lúxemborg er með risa stórt

mannkert hellakerfi sem hefur verið höggvið beint inn í klettana. Þetta eru Bock Casemates, 23 kílómetra af göngum og herbergjum sem Spánverjar byrjuðu að grafa árið 1644. Seinna bættu Frakkar, Austurríkismenn og aðrir við, og kerfið var notað allt til seinni heimsstyrjaldar sem sprengjuathvarf fyrir allt að 35.000 manns. Í dag er þetta UNESCO-heimsmínjamerki.

Við tókum mega krúttlega litla ferðalest (Petrusse Express) sem byrjar rétt við innganginn að Casemates. Hún er eins og barnalest fyrir fullorðna, litrík, hæg og með hljóðkerfi sem segir alla söguna. Hún keyrir þig um gömlu borgina, sýnir klettaveggina, gömlu brýrnar, Notre-Dame dómkirkjuna (ekki sú í Frakklandi með hringjaranum, það eru víst nokkrar slíkar í Evrópu) og útsýnið yfir Grund-hverfið neðan við allt.

Með því að leyfa okkur að villast, þá lærðum við að „rata“. Við uppgötvaðum Lúxemborg sem er ein auðugasta þjóð heims, með þrjú opinber tungumál, EU-sæti og miðaldaborg sem situr á klettum eins og varðturn.

Endur fyrir löngu

Frá þessum hellum sáum við nákvæmlega hvar aðalviðburðurinn og matarsvæðið fyrir Duck Race átti að vera, hinn árlegi góðgerðarviðburður sem Round Table Luxembourg skipuleggur undir verndarvæng borgarinnar. Þar koma þúsundir gúmmíanda (20–25.000!) niður Alzette-ána, með DJ, barnaskemmtun, matarbásam og vinningum, jafnvel nýjum bíl. Það er eins og allur dalurinn breytist í einn stóran skemmtigarð á einum degi.

Við gengum niður í dalinn og skoðuðum okkur um við ána. Þar fundum við upprunalega ferskvatnssvæðið. Ég varð rosalega spenntur, því við sáum tvær alvöru endur! Ekki litlar gular plastendur sem áttu að keppa um bílinn fyrir mig og Gunna, heldur alvöru villiendur. Þetta voru endurnar sem stundum koma og heimsækja mig í Laugardalinn (mega næs!). Ég var sannfærður um að þetta væru „sömu endurnar“, því ein var brún og hin með fallegan grænan haus.

Þvílík tilviljun! Hverjar eru líkurnar á að sjá þær einmitt hér í Lúxemborg? Kom svo í ljós að þær eru... engar.

Mér til mikillar vonbrigða og sálarangist þurfti Rabbi að útskýra fyrir mér að þetta væri bara Anas platyrhynchos eða stökkönd á íslensku. (Ekki sitthvor tegundin, sem eru bara geðveikt góðir vinir eins og ég hélt.) Karlinn (draki) er með grænan haus og gráan líkama, en kvenfuglinn er brún og flekkótt. (til að geta falið sig betur á hreiðri) Þetta er algengasta villiandategund Evrópu, Gunni hélt að ég væri að grínast með að hafa ekki vitað þetta.

Eftir þetta var dagurinn náttúrulega ónýtur.

Strákarnir reyndu að hughreysta mig og til að lyfta mér upp tókum við Pfaffenthal Panoramic Elevator (einnig kallaður Pfaffenthal Lift eða Ascenseur panoramique du Pfaffenthal). Þetta er stór, glerklædd lyfta (um 71 metra há) sem tengir neðri dalinn við efri bæinn og gefur geggjað útsýni yfir ána, gömlu borgina og klettana. (Það er líka smá gler pallur/útsýnispallur efst með glergólfi). Fullkomið til að stoppa og taka myndir.

Be Bald!

Eftir annasaman dag kom kvöldið sem byrjaði frekar saklaust. Við vorum komnir á skemmtistað alveg frátekinn fyrir RT hann var á annarri hæð hússins, staðurinn var allavega með bæði inni- og útisvæði, og það var verið að grilla úti í horninu. Ég gekk um eins og skuggi af Gunna. Fylgdi honum. Hlustaði. Leyfði honum að tala fyrir mig. Ég var bara... með.

Við enduðum við grillið. Lúxemborg er pylsuland. Wurst. Þýsk áhrif, frönsk áhrif, crunchy baguette í staðinn fyrir mjúkt pylsubrauð. Ófyrirgefnalegt fyrir Íslending sem kann bara að borða pylsu á einn hátt. Íboðið var Lëtzeburger, Mettwurst, Käsewurst. Ég var með fullan munn af Käsewurst, troðfullan. Baguette, safi, ostur og kjöt allt að vinna gegn mér. Þá birtist hann.

Skalli nr. 1. Með pinna af sjálfum sér, eins og einhver breskur sköllóttur Schwarzenegger sem vann við scaffolding. Ég hélt að Gunni væri í sömu vandræðum og ég, en nei. Hann einhvern veginn talaði samt. Ég sver það, maðurinn búktalaði þangað til hann náði að kyngja.

Ég gat ekki svarað. Gat ekki talað.

Fyrir aftan okkur birtist annar skalli. Og skyndilega vorum við dregnir inn í salinn. Fyrir framan hóp af sköllum. Örugglega 20 manns, allir hópaðir saman í eina stóra mynd. Áður en ég vissi af var ég kominn með pinna.

Welcome to The Baldies Club 00.

Baldies Club 00 er óháður friendship group tengdur Round Table International. Klúbburinn var stofnaður þann 25. október 2025 á 50 ára afmælisráðstefnu Round Table Malta. Það sem byrjaði sem spontán samkoma sköllótta Tablera þróaðist fljótt í alþjóðlegt samfélag. Jafnvel forseti Round Table International (sem er ekki sköllóttur) var gerður að „hono-hairy member“.

Markmiðið er einfalt: tengja sköllótta menn í gegnum vináttu, hómor og samstöðu

Ég þurfti ekki að segja neitt.

Ég þurfti ekki að sanna neitt

Ekki einu sinni vera tilbúinn.

Ég var bara... tekinn inn.

Inni var allt á hreyfingu. Áfengi. Hlátur. Fólk að skipta á pinnum og peningum, ekki gjaldeyri, heldur eins og Pogs-sleggjur.

Þessir peningar eru nákvæmlega eins og Pogs. Þú safnar þeim, hendir sleggjunnar frá þér og vinnur þér vini. Hver pinni er tenging. Hver mynt er saga. Sleggjur frá löndum sem þú hefur aldrei heimsótt. Pinnar frá fólki sem þú varst að kynna fyrir tíu mínútum.

Já, ég veit. Þetta skilja bara gamlir kallar. En ég var krakki '93 og á Íslandi var Pogs-æðið algjör geðveiki. Skólar bönnuðu þetta „hættulega“ leikfang vegna þess að það var „spilafíkn“ fyrir krakka. Við földum samt sleggjurnar í vasnum og spiluðum í frímínútum eins og smáglæpamenn. Nú, stend ég hér með fullorðinsútgáfuna: litlar málmyntir og pinna sem maður skiptir á í stað þess að berja þær niður á gólf. Sami leikurinn. Bara með meira áfengi og færri tár. Og einhvers staðar í þessu öllu: eitt málverk á uppboði sem safnaði um 800.000 krónum fyrir góðgerðarmál.

Ég stóð þarna með nýja pinna á brjósti og fann eitthvað klikka innra með mér. Ég þurfa ekki að fela mig. Eða vera einhver annar en ég. Ég var bara skalli meðal skalla.

Eftir nokkra lítra af fríum bjór, nokkrar pylsur í viðbót og nokkra Red Bull í vodka var ég búinn að tala við helling af fólki sem ég man ekkert eftir. (man alveg eftir því man samt engan vegin hvað neinn heitir) Ég var kominn með margar sleggjur og pinna. Gunni sagðist vera að fara og bjóst við að ég myndi koma með. Ég var upptekin við að tala við fólk.

Ég stóð eftir. Í fyrsta sinn í ferðinni, og kannski í fyrsta sinn í mjög langan tíma, fannst mér ég ekki þurfa að fylgja neinum. Ég var ekki skuggi. Ég var bara ég.

Pílagrímsferð

Ég vaknaði ekki þunnur heldur með eitthvað sem ég hafði aldrei fundið áður. Hangxiety.

Samsett orð úr “hangover” og “anxiety”. Ekki beinlínis líkamleg þynnka, heldur andleg. Þú vaknar með depurð, kvíða, eftirsjá og þessa köfnunartilfinningu að þú hafir sagt eða gert eitthvað hræðilegt kvöldið áður. Þetta var í fyrsta skipti sem ég upplifði þetta.

Sólin skein inn um gluggann á Roomies Luxembourg Centre Gare. Klassískt. Ég hafði náttúrulega klúðrað bókuninni. Ég gleymdi að bóka samfellda dvöl svo ég þurfti að tékka út áður en ég færi á RT2 fundinn í Neumünster Abbey í Grund-hverfinu.

Tékka út var auðvelt. Skilja lykilinn eftir í boxi. Professional Airbnb dæmi.

Vandamálið var að ég þurfti aðra nótt og það var enginn starfsmaður á staðnum, enginn að svara spjallinu og ég hafði hvorki tíma né andlega getu í þetta verkefni.

Ég hafði sofið yfir mig. Núna þurfti ég að komast í Grund. Google Maps sagði annaðhvort: 20 mínútur með almenningssamgöngum sem litu út eins og einhver flækja eða 23 mínútna ganga niður í dal.

23 mínútna pílagrímsferð. Leiðin þangað reyndist vera smá ævintýri. Frá Gare-hverfinu er það um 1,5–2 km, en þunnur er það eins og maraþon. Ég gekk niður Rue de Hollerich, yfir brúna yfir Pétrusse-dalinn (eða var það Alzette?), og svo niður í Grund. Göturnar eru fallegar, gömul steinhús, þröngar götur, en hæðarmunurinn er sviksamur. Ég fór niður tröppur og brekkur sem virðast endalausar. Hver skrefið var barátta. Ég hugsaði með mér: „Hvers vegna tók ég ekki taxa? vegna þess að ég var ekki með númer hjá neinum taxa og það var engin í afgreiðsluni. taxi hefði verið sirka 12 evrur. En nei, ég þurfti að ganga.“

Kannski er það ástæðan fyrir því að klaustur eru byggð niðri í dölum. Þú átt ekki að ganga inn í þau uppréttur eins og þú eigir heima þar. Maður þarf að lækka sig fyrst. Krjúpa aðeins. Beygja höfuðið. Skilja eitthvað eftir af egóinu áður en maður fer inn. Síminn minn dó náttúrulega þegar ég var kominn hálf leið, Ég rataði samt þaðan nokkurn veginn sjálfur. Annaðhvort var



þetta mjög einfalt bæjarskipulag... eða Guð var að vísa mér veginn. Ég er ekki trúður, en mamma mín var mormóni og pabbi minn múslimi, svo svona rugl er óhjákvæmilegt.

Ég fann klaustrið. Vú hú.

Neumünster Abbey, þögullt Benediktínaklaustur sem byrjaði að byggjast árið 1606 eftir að eldra klaustur uppi á Altmünster-hæðinni var eytt. Það hefur séð allt: stríð, elda, frönsku byltinguna, verið herhæli, fangelsi og sjúkrahús. Nasistarnir notuðu það sem fangelsi fyrir pólitíska fanga.. Í dag er þetta falleg menningarmiðstöð, gamlir steinveggir, innri garður, hvelfingar og gler sem blandast saman á ótrúlegan hátt.

Ég mundi að skilaboðin sögðu: “2. hæð í aðalbyggingu merkt Salle Guido Oppenheim.” Sem hefði hjálpað meira ef ég hefði vitað hvað taldist aðalbygging. Það var mynd af útsýninu sem hefði hjálpa á þessum tímamarki.

Ég gekk um niðri. Hurðir. Gangar. Salle

Guido. Salle eitthvað annað. Enginn Oppenheim. Síminn ennþá dauður. “Nei. Powerbank.” ég var með allann farangurinn minn. Vú hú. Ég kveikti aftur á símanum.

Skilaboð frá barnsmóður minni. “Shit.” Ég hafði talað við hana fullur. „Þau eru hætt við allt.“

„Jafnvel þótt við höfum skrifað undir kaupboðið og lánið sé samþykkt.“

Ég settist niður á bekk. Dóttir okkar var átján ára og var að kaupa sína fyrstu íbúð. Ég var launaseðlarnir. Hún var útborgunin. Peningarnir sem við höfðum safnað síðan hún fæddist.

Ég hafði selt hjólhýsið sem ég bjó í til að standast greiðslumatið. Þau búa í Englandi, hafa gert það síðustu tíu árin. Ég flaug þangað sótti seðla sem hún hafði safnað og lagt til hliðar. Við lögðum þá inn á íslenskan reikning svo allt liti rétt út. Og nú var bara verið að hætta við allt. Ég reyndi að muna samtalið frá kvöldinu áður. Hvað í fjandanum hafði ég sagt? Ég átti að vera á fundi. Ég átti að vera einhvers staðar. Ég

svaraði henni ekki. Ég vissi ekki hvað ég átti að segja.

Ég sat þarna með símann í hendinni og fann kvíðann taka yfir. Ég varð þungur. Eins og líkaminn væri hættur að trúna því að það væri einhver ástæða til að standa upp. „Díses.“ Fundurinn er örugglega búinn. Ég stóð upp.

Ég fann miðasölu og sýndi manningum nafnið á salnum sem ég var að reyna að finna.

Hann horfði á mig í nokkrar sekúndur. Lokaði síðan miðasölunni. Rúllaði sér út á hjólastól.

Og leiddi mig sjálfur alla leið upp. „Jebb.“ Fundurinn var búinn og það fyrsta sem ég sá var Arnar í horninu með klósettsetu um hálsin. hann var að bera byrði sem var réttmætanleg mín.

Félagar geta dæmt hvorn annan fyrir "syndir" (enginn pinni, of mikið að tala, að vera of alvarlegur, að vera of sein, o.s.frv.). Refsingarnar eru oft peningar (alvöru ekki sleggjur) eða niðurlægjandi á skemmtilegan hátt til að skapa húnur og samheldni.

Ég tók harðfisk úr töskuni og rétti Rabba til að gefa hinum RT2 frá hinum löndunum þessi fundur var víst aðal tilgangur ferðarinnar RT2 eitthvað fundur (Ekki gular endur fundur) mér leið eins og ég hafi sviðið hópinn með að mæta ekki. Það var allt í einu eitthvað meira viðeigandi að ég hafi komið með fisk. Fiskurinn "ΙΧΘΥΣ" er gamalt kristið tákn. Merki pílagríma. Leið til að þekkja sitt fólk án þess að segja það upphátt. Ég bauðst til að taka klósettsetuna af Arnari. Mér fannst hann vera að bera syndina mína. En hann hristi hausinn. Hann hafði fengið dóminn, og í þessu kerfi bar hver maður sína eigin ábyrgð.



Klósettsetan um hálsinn er ekki refsing fyrir að vera sein. Hún er falleg áminning, þú mátt vera fullur og vitlaus, en það eru engar afsakanir, við skiljum að þú hefur ekki mætt seint ef ...en þú mætir þínum dómi. Enginn kemur og bjargar þér. Enginn tekur klósettsetuna af þér fyrr en tíminn er liðinn. Þú berð hana. Allan daginn. Fyrir framan alla.

Þetta er einmitt sú lexía sem ég hef alltaf átt erfitt með að læra annars staðar í lífinu: Þú mátt klúðra hlutum. En þú mátt ekki hlaupa frá þeim. Þetta er ábyrgðar kennsla með stuðning félaga og húnur.

Gulur

Það eru margir hlutir sem ég gæti sagt frá þessari ferð, um allar þær stundir sem strákarnir sýndu mér náð sem ég hélt ekki að ég ætti skilið. En ég ætla ekki að tala í hringi.

Eftir fundinn (bókstaflega mínútu síðar) gengum við um klausturgarðinn. Ég segi „garðinn“, en það var enginn garður; bara stórt plan umlukið gulum veggjum. Duck Race var í gangi, fjölskylduhátíð með börnum, DJ, matarbásun og fólki sem beið spennt eftir að hópur af gulum plastöndum

sigldi framhjá. Það var meira að segja gulur bíll á miðju planinu. Enginn sló mig samt og hrópaði „gulur bíll!“.

Hvað á maður að gera í klaustri annað en að hugsa, ofhugsa og krjúpa?

Það erfiðasta sem maður gerir „allavega fyrir mig“ er að fyrirgefa sjálfum sér.“

Ég dæmdi sjálfan mig í útleigð og er algjörlega ófær um að stíga inn í óttann og út úr þeirri útleigð.

Vissir þú að í Prisoner's Dilemma er rational strategy í einum leik að svíkja fyrst. Vernda sjálfan sig. Defecta áður en hinn gerir það.

Ásatrúin, eins og hún birtist í Íslendingasögnum og eddukvæðunum, skilur heiminn sem einn leik. Eitt líf. Ein örlög. Heiðurinn er eina eignin sem maður á raunverulega sjálfur.

Auður getur brunnið. Ættir fallið. En orðspor lifir. Hún gefur ekki eftir. Betra að deyja uppréttur en lifa á hnjánum.

Það er göfug afstaða. Glæsilegt fall.

En hún er líka one-shot thinking.



Þess vegna krýpur hetjan ekki.

Hérna í þessu klaustri var hugsunin önnur

Hér krjúpa menn eða gerðu á meðan þetta var klaustur.

Ásatrúin svarar heiminum með heiðri og styrk. Kristnin svarar með fyrirgefningu og von um að leikurinn haldi áfram.

Hún sér endalausar umferðir.

hvernig á að lifa í heimi sem er bæði einn leikur (eitt líf, ein örlög) og endalausir leikir (samfélag, sambönd, möguleiki á nýjum byrjunum).

Robert Axelrod og sýnir að í endurteknum Prisoner's Dilemma er Tit-for-Tat (eða „auga fyrir auga + smá fyrirgefning“) oft sigursælasta strategían: Byrjaðu í samvinnu. Svartaðu svikum. En gleymdu ekki að fyrirgefa og snúa aftur til samstarfs þegar hinn gerir það.

Það er næstum óþægilegt hvað það líkist gullnu reglunni.

„Gerðu við aðra það sem þú vilt að þeir geri við þig.“

Því samfélög lifa ekki sem einn leikur. Þau lifa af því að fólk fær að snúa aftur eftir mistök. Að einhver opni “HÉRNA, DREKKTU ÞETTA!”

Ég leit upp. Rabbi stóð með skotglas í hendi og glotti. Ég tók við glasinu og skolaði niður. Brennandi eldur skall niður í háls og maga. Á móti okkur stóð maður með tösku á bakinu, brosti breitt, tók mynd af okkur og festi pinna á jakkann minn.

„Til hamingju, þú ert nú meðlimur í Essacher Luft Survivor Club.“

Ég hló. Þarna var ég, með nýjan pinna, brennandi háls og tilfinningu fyrir því að hefði lifað af.

Við gengum um á milli gulu klausturveggjana, innan um fólk sem beið eftir gulum plastöndum á vatninu. Guli liturinn virtist allt í einu ekki bara barnalegur eða saklaus, heldur tákn fyrir von sem „endur“tekur sig. Von sem brennur, lifir af og heldur áfram..

Gullna reglan. Gullni þráðurinn. Eitthvað sem heldur áfram.

Ég hafði ekki enn keypt önd. Gunni hafði keypt fimm og ég fékk að kaupa eina af honum sem ég borgaði ekki einu sinni. Hann sagði bara: „Þú borgaðir samlokuna fyrir mig í Leifsstöð.“

Þegar byrjað var að sleppa öndunum varð allt að einu stóru, gulu fljótandi hafi. Við stóðum með okkar öndum (ekki séns að vita hvaða önd var þín) , pinna á fötunum, sleggjur í vasa og áfengi í hönd. (nema Gunni hann er unicorn) Allt fullt af fólki alls staðar að úr heiminum, Tablerar, fjölskyldur og ferðamenn, að gleðjast yfir einhverju jafn heimskulegu og fallegu og þessu.

Vonin er oft barnaleg. Það er kannski þess vegna sem hún heldur áfram.

Kannski þarf ég ekki að fyrirgefa sjálfum mér í einum vetfangi. Kannski þarf ég bara að byrja að sleppa einni önd í einu. Leyfa henni að fljóta. Sjá hvað gerist

Hringurinn

Ég hafði reddað mér hótélherbergi og fór þangað seinnipartinn til að hvíla mig örlítið áður en kvöldið tók við.

Ég mætti til Lúxemborgar eins og ég mæti á

allt, án miða, án áætlunar og með lítinn vilja til að taka þátt. Ég ætlaði eiginlega bara að sofa

En Snorri lét það ekki viðgangast. Á sinn kostnað reddaði hann mér dýrum miða. Ég hafði fundið herbergi á sama hóteli og hann og Rabbi. Þegar þeir komu að sækja mig var ég sofandi. Ég held ég hafi vaknað við síðasta bankið áður en þeir gáfust upp. Þeir sögðust vera farnir á hótelið hjá Gunna og Arnari, þar sem Gala-kvöldið væri.

Ég grenjaði í sturtuni (“þú veist, til að fela tárin” Hangxiety, manstu) Tíu mínútum síðar stóð ég fyrir framan spegilinn og reyndi að gera mig nokkurn veginn tilbúinn. Jakkafötin sem ég hafði tekið með „bara ef“ voru þröng, "Burger king þröng" en það þurfti að duga.

Ég mætti á Gala.

Salurinn var fullur af hringlóttum borðum. Allir í jakkafötum eða kvöldbúningi, og stemningin formleg en samt hlý. Ég settist niður við eitt borðið og reyndi að líta út eins og ég hefði gert þetta áður. Ég var ennþá að hugsa um að fara snemma þegar einhver gamall gaur sem fæddist þegar BYKO var stofnað gekk upp á sviðið.



Georges Christen er einn af sterkustu mönnum heims og hefur haldið (og heldur enn) nokkrum Guinness World Records og er þekktur sem „sterkasti maður Lúxemborgar“ með yfir 20–26 Guinness met í ýmsum kraftaverkum (nagalbeyging, bíla toga með tönnum, rífa símaskrá o.s.frv.). Hann var kominn til að sýna styrk.

Ég varð skyndilega fjöggra ára gamall aftur. (1988) Ég sá mig sitja frammi við sjónvarpið heima í stofunni, með opinn munn, þegar Jón Páll tók rauðan hitapoka, setti hann fyrir munninn og blés hann upp. Hemmi Gunn sat bara og horfði, hálfpartinn hissa og hálfpartinn að hlæja, uns pokinn sprakk með hvell og allir í stofunni fóru að skellihlæja. Þetta var ekki bara kraftur, þetta voru töfrar.

Og nú sat ég hér, á fertugsaldri, í Lúxemborg, og horfði á nákvæmlega það sama. Georges beygði nagla eins og þeir væru úr plasti, brosti til áhorfenda og gerði kraftaverk að skemmtun. Sama undrunin fór um mig og þá, þessi barnalega furða sem maður fær bara þegar maður sér einhvern gera eitthvað sem ætti ekki að vera hægt.

Þetta var gaman. ekki af því að hann var sterkur heldur vegna þess að hann var skemmtilegur.

Ég hafði alltaf haldið að ég yrði að vera sterkur. Að ég yrði að geta allt einn. Að ef ég sýndi veikleika myndi ég bara verða skotmark. En hér, í þessum sal, meðal fólks sem ég þekkti varla, fann ég öryggi sem ég hafði ekki fundið áður meðal ókunnugra manna, allir upp stílaðir í jakkafötum eins og mörgæsir.

keisaramörgæsir, þær mynda risastórar hópkýrðir (huddles) með þúsundum fugla saman til að halda hita í -40°C og vindhviðum upp í 200 km/klst. Inni í hópnunum gera þær smá skref (eins og litla bylgju) á 30–60 sekúndna fresti. Þessi hreyfing veldur því að allur hópurinn hreyfist smátt og smátt í hringi eða bylgjum. Þannig fær hver mörgæs röðina til að vera innst í hópnunum (þar sem hitinn getur farið upp í $+37^{\circ}\text{C}$ og síðan út á kantinn aftur.

Þetta er eins og lifandi hringrás þar sem enginn þarf að standa úti í kulda of lengi. Það er einmitt þessi samvinna og

hreyfingar kraftur sem gerir þeim kleift að lifa af í vetrinum.

Þetta er ekki „styrkur“ eins og Georges Christen var að sýna, heldur samvinna styrkur. Þær nota líkamshita hver annars og litla, skipulagða hreyfingu til að sigrast á ómannlegum aðstæðum.

Ef einhver morgæs hefur villst frá hópnunum eða gengið burt, lifa þær yfirleitt ekki af. Þær eru ekki hannaðar til að standa einar

Í þessari ferð fékk ég áminningu sem ég átti að hafa lært fyrir löngu: Styrkur einstaklingsins er áhrifamikill og skemmtilegur. En styrkur hópsins er það sem heldur okkur á lífi þegar á móti blæs.

Ég kom heim með nokkra pinna á jakkafötum og eitthvað miklu dýrmætara, skilning á því að ég þarf ekki að standa einn úti í storminum.

Ég var ekki lengur skuggi.

Ég var ekki lengur að reyna að fela mig.

Ég var bara ein af mörgæsunum í hringnum.

Ég leit í kringum mig. Arnar, Snorri, Rabbi, Gunni. Allir hér. Og í fyrsta sinn í langan tíma fannst mér ég ekki þurfa að flýja.

Get ég haldið 3 mínútna ræðu um hvað vinátta er?

Ekki séns... En ef ég þyrfti að reyna:

„Vinátta er ekki alltaf hávæð eða auðveld. Hún er ekki alltaf stórar ævintýraferðir eða dagleg skilaboð. Stundum er hún bara svar í hópspjalli. Stundum er hún félagsgjald fyrir einhvern sem á ekki peninga. Stundum er hún rólegt „þú getur ekki hætt“ þegar maður vill bara hverfa úr öllu saman.

Vinir eru þeir sem sjá þig jafnvel þegar þú reynir að fela þig. Þeir sem sitja með þér í óþægilegri þögn án þess að reyna að fylla hana. Þeir sem neita að láta þig labba í burtu, vekja þig þegar þú þarft að vakna, og standa með þér þegar þér finnst þú ekki eiga það skilið.

Vinátta er eitthvað sem maður gefur pláss

til að vaxa. Þú þarft ekki að vera fullkominn. Þú þarft ekki að vera sterkur. Þú þarft bara að mæta, jafnvel þegar þér finnst þú vera að klúðra öllu. Og þá vex hún með þér. Hún verður sterkari, dýpri og meira að segja fallegri með tímanum.

Ég fór til Lúxemborgar sem maður sem vildi hverfa úr eigin lífi.

Ég kom heim sem maður sem lærði að standa í hringnum, ekki vegna þess að ég væri eitthvað betri, heldur vegna þess að ég þarf ekki lengur að vera einn.

Dóttir mín keypti íbúðina. Þrátt fyrir fulla eitthvað röflið sem ég sagði og skilaboðin sem virtust benda til þess að allt væri búið, þá gekk það í gegn. Hún gerði það. Við gerðum það.

Ég, sem var hræddur við að opna munninn á RT-fundi fyrir nokkrum vikum, á nú að tala við stjórnálamenn og standa fyrir hóp fólks.

Ég hef fengið svo mikla hlýju og þolinmæði. Vinátta er ekki einhliða. Hún er líka að byrja að gefa eitthvað til baka, jafnvel þótt það sé bara orð.

Þessi orð.

Kannski er það nóg í bili. Að halda hringnum gangandi. Að mæta næst, ekki sem skuggi, heldur sem einn af mörgæsunum.

RoundTable Ísland Event Schedule

- 16.-20.sep'26 **WM** Piacenza, Ítalíu
 - 15.-18.okt'26 **NEAR** Kramfors, Svíþjóð
 - 18.-21.feb'27 **HYM** Winterthur, Sviss
-

- 5.sep'26 **kickoff** RT/LC Reykjavík
 - 8.-11.okt'26 **Okt** RT15 Mývatni
rt15.is
 - 25.-28.feb'27 **Feb** RT7 Akureyri
rt7.is
-

- 6.-9.mai,27 **AGM** RT16/LC19 Héraði
agm.is
-

- 12.-14.jún'26 **Sumarútilega norðanklúbba** Varmahlíð

- RT14 **Golfmót** Jún
- RT17 **Charter event** 12.Sep
- RT16 **Kótelettukvöld** 26.Sep
- RT3 **Síldarkvöld** 28.Nóv
- RT2 **Skatan** 11.des
- RT11 **Dart** fyrir jól
- RT14 **Hrossakjöt** 16.Jan
- RT4 **Saltfiskur** 6.Mar
- RT8 **Kjötsúpa** 13.Mar
- RT5 **Svínarif** 20.Mar

ROUND
TABLE
ICELAND



ROUNDTABLE
ÍSLAND - ICELAND